

Svalbarðseyri þann 19.febrúar 2018

Ég sækist hér með eftir sæti í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps.

Smá um mig og mína:

Ég er 43 ára (190974) og er í sambúð með Steingerði B. Kristjánsdóttur f. 1974

Á fjögur börn, Margréti f.1999, Alexöndru f.2000, Emmu f.2003 og Gunnar f.2007. Og fimm stjúpbörn Fjóla f. 1993, Berglind f. 1998, Bergur f. 2000, Tryggvi f. 2005 og Katrín f. 2010.

Við Steingerður höfum búið í þorpinu frá 1.mars 2017. Hér líkar okkur vel og krakkarnir okkar eru mjög ánægðir hér.

Ég er menntaður skrudgarðyrkjufraeðingur með vel yfir 20 ára reynslu í garðyrkju og um 16 ára reynslu á rekstri skrudgarðyrkjufyrirtækis. Árið 2006 fór ég í nám í skrudgarðyrkjutækni og bætti þar við þekkingu mína á sviði skrudgarðyrkju.

Ég hef starfað bæði í sveitarstjórnar- og landsmálum síðan 1999.

Ég var varasveitarstjórnarmaður og starfaði í nefndum og ráðum hjá Húsavíkurbæ og síðar Norðurþingi og hef því viðtæka reynslu á þeim sviðum.

Smá yfirlit yfir mín störf í félagsmálum:

1987-2010	Bridgefélag Húsavíkur, formaður og meðstjórnandi.
1999	Fór í framboð til alþingis fyrir Vinstri hreyfinguna grænt framboð, og fyrr á því ári tók ég þátt í stofnun þess flokks og var þar formaður umhverfisnefndar.
2002-2012	Starfaði í nefndum hjá Húsavíkurbæ/Norðurþingi fyrir Húsavíkurlistann og svo V-listann. Nefndir sem að ég hef starfað í eru: hafnanefnd, skipulagsnefnd, fræðslu- og menntamálanefnd, æskulýðsnefnd, byggðarráð og svo nokkrir fundir í sveitastjórn. Einnig hef ég setið í ýmsum undirnefndum bæjarins.
2007-2010-	Round table Ísland, ýmis embætti innan míns klúbbs á Húsavík sem og í landsstjórn.
2011-2016	Garðyrkjudeild Þingeyinga, formaður.
2011-2012	Sat í stjórn SANA, samtökum atvinnurekanda á norðausturlandi, ritari Knattspyrnuráð Völsungs
2012-2014	Sat í stjórn vaxtarsamnings norðurlands eystra, VAXNA

Það eru spennandi tímar framundan hér í sveitarfélaginu og tel ég að kraftar mínir og þekking á sveitarstjórnarmálum geti nýst sveitarfélaginu mínu mjög vel. Mannleg samskipti hefur í gegnum árin verið mitt aðalmerki.



Virðingarfyllst,

Hilmar Dúi Björgvinsson

Laugartún 11

Skrudgarðyrkjufraeðingur & skrudgarðyrkjutæknir

[hilzino@gmail.com](mailto:hilzino@gmail.com)

gsm 897-2588